

Ed.

105. Frumvarp til laga

um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar.

Flm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Sá hluti jarðarinnar Ormsstaða í Norðfjarðarhreppi, sem nú er eign bæjarsjóðs Neskaupstaðar, skal lagður undir lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar frá 1. janúar 1943.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Neskaupstaður að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á landi því, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Bætur fyrir tekjurýrnun Norðfjarðarhrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., skulu ákveðnar af gerðardómi, skipuðum 3 mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en atvinnumálaráðherra tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðila eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal atvinnumálaráðherra tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Fyrir nokkrum árum keypti bæjarsjóður Neskaupstaðar $\frac{1}{3}$ úr jörðinni Ormsstöðum í Norðfjarðarhreppi, sem liggur að landi bæjarins. Með landskiptagerð, er fram fór 16. sept. 1940, að tilkvöddum ráðunaut Búnaðarfélags Íslands, Pálma Einarssyni, var hluta kaupstaðarins skipt úr jörðinni og greinileg landamerki ákveðin. Liggur það land, sem kom í hlut Neskaupstaðar, að takmörkum bæjarlandsins. Er því auðsætt, að full ástæða er fyrir því, að land þetta verði lagt til lögsagnarumdæmis kaupstaðarins. Á þessum hluta landsins eru tvö býli og hafa verið um alllangt skeið. eru því ákvæði 2. og 3. gr. frv. nauðsynleg.